

## Skýringar við tillögur Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands um breytingar á þingskjali 61, 61. máli:

### Frumvarpi til laga um byggingarvörur.

Í númer eftirfarandi skýringa er vísað úr skjalinu „Þingskjal 61-III kafli-breyttur-NMÍ.docx“.

#### Skýring nr. 1

Til eru nú þegar margir evrópskir staðlar fyrir byggingarvörur, þ.e. vörustaðlar (product standards), sem ekki hafa enn verið gerðir samhæfðir, en samhæfðir vörustaðlar gera skylt að CE-merkja vöruna. Ýmsir slíkra staðla, þ.e. sem ekki eru samhæfðir, eru fyrir vörur sem skipta miklu máli viðvíkjandi öryggi í byggingum og fleiri þáttum grunnkrafna byggingarvörureglugerðar ESB, nr. 305/2011, sem er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

Dæmi um þess háttar mikilvægar vörur eru steinsteypa, bendistál og forspennivírar, rör og tengi fyrir heitt sem kalt vatn undir þrýsingi til nota inni í húsum.

Úr því að staðlar af þessu tagi eru til, teljum fulla ástæðu til að skylda notkun þeirra á meðan beðið er eftir að þeir verði gerðir samhæfðir. Steinsteypustaðallinn er reyndar gerður skyldubundinn í byggingarreglugerðinni, en hinna staðlanna er ekki getið þar og hið sama er að segja um aðra staðla í þessum flokki. Í öllum slíkum stöðlum er byggingarvaran skilgreind eins og í samhæfðu stöðlunum og fyrirskrifað hvaða aðferðum skuli beitt við prófun vörunnar og merkingar hennar.

Með því að fara skuli að ákvæðum þessara vörustaðla við staðfestingu á „nothæfi“ fengi varan hliðstæða meðferð og um væri að ræða samhæfðan staðal og félli þar með afar vel að ákvæðum 3. mgr. 12. gr., en þau ákvæði höfðu beint til samhæfðra staðla.

Með því hins vegar að gera slíkt ekki skylt þyrfti í hverju tilviki að leggja mat á hvaða eiginleikar og þættir meðal þeirra 14 tölusettu í 10. gr. ættu við. Væntanlega yrði slíkt þá yfirleitt gert með hliðsjóna af viðeigandi vörustaðli, sem eins gott væri þá að láta einfaldlega gilda. Matið krefðist að jafnaði sérfræðingsþekkingar sem vissulega þyrfti að hafa við þegar ekki er til evrópskur vörustaðall, en er með öllu óþarft að leita eftir ef fyrir hendi er vörustaðall til að fara eftir.

Þannig gæti því væri íþyngjandi fyrir framleiðanda eða innflytjanda vörunnar, að gera ekki skylt að fara eftir vörustöðlum sem til eru, þar sem meiri sérfræðingsvinnu yrði að jafnaði þörf með tilheyrandi auknum kostnaði.

#### Skýring nr. 2

Í frumvarpstextanum stendur: „Ákvæði þessa kafla gilda þó ekki um eftirfarandi“ og þar á eftir koma þrjár tölulíðir sem eru hliðstæðir liðum a, b og c í 5. gr. reglugerðar ESB nr.



305/2011, sem ber yfirskriftina “Undanþágur frá gerð yfirlýsingar um nothæfi”. Liðir þessir undanskilja ekki byggingarvörur, sem eru framleiddar eins og í liðunum er lýst, frá gerðarprófun og gæðaeftirliti, sbr. 37. og 38. gr. reglugerðarinnar. Það sem segir í þessari 5. gr. er að framleiðandi getur „látið það ógert að gera yfirlýsingu um nothæfi“, en það þýðir um leið að þess er ekki krafist að varan sé CE-merkt. Er þetta allt og sumt sem felst í þessari grein.

Þessi kafli frumvarpsins, nr. III, fjallar um gerð yfirlýsingar um nothæfi sem grundvallast skal á gerðarprófun og framleiðslustýringu, þ.m.t. gæðaeftirliti. Við sjáum enga ástæðu til að undanskilja frá prófunum og gæðaeftirliti vöru sem þannig háttar til um að staðall fyrir hana hefur ekki enn verið gerður samhæfður, eða að enginn evrópskur vörustaðall er til. Okkar niðurstaða er því sú að halda eigi fullkomlega hliðstæðunni við ákvæðin fyrir vöru sem framleiða skal eftir samhæfum vörustaðli og undanskilja einvörðungu skyldu til að gefa út yfirlýsingu um nothæfi.

### Skýring nr. 3

Breytingartillaga þessi felur í sér aðlögun að breytingartillögum við 9. og 10. gr., sbr. skýringu nr. 1. Þar við bætist það að einungis skuli vera skylt að lýsa yfir einum eiginleika vöru, en auk þess öllum eiginleikum sem kunna að hafa þröskuldgildi skv. ákvæðum viðeigandi vörustaðals eða skv. kröfu í byggingarreglugerð. Þetta er í samræmi við það sem á við um samhæfða vörustaðla, sbr. áðurnefnda byggingarvörureglugerð ESB, 6. gr. tl. 3(c), sem og kröfur einstakra vörustaðla. Að okkar áliti er því rétt að láta slíkt gilda fyrir vörur skv. kafla III, sbr. 3. mgr. 12. gr. um hliðstæðu við kröfur skv. ákvæðum ESB.

### Skýring nr. 4

Gerðarprófun er eins og framleiðslustýring, þ.m.t. gæðaeftirlit, algjört grundvallaratriði í byggingarvörureglugerð ESB, eins og rauður þráður, og á það við um alla samhæfða vörustaðla. Þykir okkur því sjálfsagt að skylda gerðarprófun ekki síður en framleiðslustýringu, sbr. m.a. 3. mgr. 12. gr. um hliðstæðu við kröfur skv. ákvæðum ESB.

Með breytingartillögunni við 2. mgr. 11. gr. er með *óháðum prófunaraðila* og *eftir atvikum höfðað* til þess að í samhæfðu vörustöðlunum er tilgreint hvort gerðarprófun skuli framkvæmd af tilkynntum aðila, þ.e. tilkynntri prófunarstofu, sbr. VII kafla ESB-reglugerðarinnar, eða hvort nægir að framleiðandinn sjálfur annist gerðarprófun.

### Skýring nr. 5

Við teljum skynsamlegt að gera skylt að ávallt sé aflað staðfestingar skv. 12. gr. á gildi erlendra gagna. Mat á gildi slíkra staðfestingargagna krefst að jafnaði sérfræðingsþekkingar á laga-, reglugerða- og staðlamálum.

Almennt yrði byrði létt af byggingarstjórum og byggingarfulltrúum með breytingartillögu okkar. Þeir þyrftu þá ekki sjálfir eða með aðstoð annarra að rýna í og meta gildi erlendra gagna, en gætu þess í stað vísað birgjum á að afla staðfestingar skv. 12. gr. Löng reynsla okkar hjá Nýsköpunarmiðstöð Íslands, sem fáumst mikið við að leggja mat á erlend staðfestingargögn, er sú að slík gögn sem berast í fyrstu séu sjaldnast þau réttu og eigi oft alls ekkert við, þannig að kalla þurfi eftir þeim réttu. Þess háttar hefur í för með sér símtöl



og skeytasendingar með útskýringum og tilvísunum í reglur, og er slíkt á fæstra færi að gera sem ekki hafa sérþekkingu á álitaefninu.

#### Skýring nr. 6:

#### Þýðingar á „performance“ og „individually manufactured or custom-made“.

Við leggjum eindregið til að breytt verði þýðingunni á hugtaki því sem í felst í enska orðinu „performance“ í fyrrnefndri reglugerð ESB nr. 305/2011, en í þýðingu hennar og í frumvarpinu er notað orðið „nothæfi“ yfir þetta hugtak.

Teljum við fullvíst að þessi þýðing eigi eftir að valda verulegum misskilningi og jafnvel deilum meðal þeirra sem þurfa að nota og vinna eftir ákvæðum laganna, þar eð orðið „nothæfi“ nær engan veginn merkingu orðsins „performance“ og er þar að auki mjög misvísandi. Orðið „nothæfi“ hefur til þessa haft skýra merkingu og teljum við afar óheppilegt að gefa því alveg nýja merkingu. Að okkar mati er orðið „nothæfi“ ekki nothæft sem þýðing á „performance“.

Orðið „frammistaða“ er hið eina þekkta íslenska orð sem við höfum fundið sem nær umræddri merkingu, þ.e. að hvaða marki eða að hve miklu leyti einhver sýnir af sér tiltekinn eiginleika. Hins vegar fer illa á að nota orðið yfir dauða hluti eða eiginleika hluta, efnis eða almennt vöru.

Því teljum við óhjákvæmilegt að nýyrði þurfi til og leggjum við til orðið *eiginleikaskil*. Í raftækni er orðið „skil“ eitt sér notað í merkingunni „performance“, en við álítum það ótækt í umræddu samhengi nema bætt sé framan við það einhverju. Til álita kæmi nýyrði eins og *virkniskil*, sbr. skilvirkni, en við teljum *eiginleikaskil* vera betur lýsandi í tengslum við það að hvaða marki byggingarvara býr yfir tilteknum eiginleika, þ.e. hvernig hún skilar eiginleikanum skv. mælingu eða annars konar mati. Þannig er höfðað almennt til þess í hve ríkum mæli varan stenst álag eða dugar sem best við tiltekin not. Varan getur verið nothæf burt séð frá hvaða gildi eiginleikar hennar fá við mælingu eða mat, þ.e. þannig að unnt sé að hafa um hana orðið „nothæfi“.

Með hugtakinu „performance“ er höfðað til notagildis við ólíkar aðstæður, en ekki hvort varan er nothæf eða ekki. Þessu til skýringar má taka dæmi af glugga A sem stenst við prófun slagregnsálag sem nemur 1.100 Pa þrýstingi, sem er lágmarkskrafa skv. byggingarreglugerð. Gluggi B sem hefur staðist 1.300 Pa álag hefur hins vegar betra eða meira notagildi þar sem búast má við mjög kröftugu slagregni, þar eð hans *eiginleikaskil* eða „performance“ eru betri. Báðir gluggarnir eru hins vegar fyllilega nothæfir þar sem þeir uppfylla kröfur byggingarreglugerðar.

Dæmi sem sýna hve illa fer á notkun orðsins „nothæfi“ í algengum notkunartilvikum:

(1) Ef tiltekinn eiginleiki er ekki ákvarðaður skal á CE-merkingarmiða rita við hann „npd“, sem stendur fyrir „no performance determined“. Þetta yrði að þýða, eins og staðan er nú, sem „nothæfi ekki ákvarðað“. Þetta gæti þurft að standa við eiginleika eins og höggþol eða varmaleiðni rúðuglers, sem væri samt ágætlega nothæf vara, eða við eðlisþyngd malar eða sands úr íslensku basalti til nota í steinsteypu, á meðan hvort tveggja væri engu að síður ágætlega nothæft efni í steypu enda þótt eðlisþyngdin hefði ekki verið mæld, en stærðarstig eðlisþyngdar basalts er vel þekkt.



(2) Titill 28. gr. reglugerðar ESB er „Mat á nothæfi og sannprófun á stöðugleika þess“ og er það þýðing á „Assessment and verification of constancy of performance“. Hér er ekki höfðað til stöðugleika nothæfis vörunnar sem getur verið nothæf í flestum og trúlega oft öllum notatilvikum. Hér er hins vegar höfðað til gæða í þeim skilningi að hver og einn þeirra eiginleika vörunnar, sem framleiðandi hennar lýsir yfir og gefur upp hver sé, oft með tölugildi mælinga, haldist stöðugur innan tiltekinna marka. Í dæminu um gluggana hér að framan myndi til að mynda sannprófun stöðugleika slagregnsþols, eins af fleirum yfirlýstum eiginleikum þeirra, snúast um að sannreyna hvort gluggi B standist í framleiðslunni ávallt 1.300 Pa álag, þ.e. uppfylli yfirlýst *eiginleikaskil*, sem myndu teljast betri *eiginleikaskil* en 1.100 Pa *eiginleikaskil* glugga A, enda þótt þeirra væri ekki endilega þörf þar sem glugginn yrði í notkun.

Titill þessi er einnig yfirskrift yfir viðauka V með reglugerðinni. Í viðauka þessum er lýst hvernig skuli háttað aðkomu framleiðanda og tilnefnds aðila að prófun og framleiðslu-stýringu á grundvelli mililvægis vörunnar m.t.t. öryggis, umhverfis og heilsu, þ.e. grunnkrafna reglugerðarinnar.

Eðlileg þýðing væri í ljósi þess sem hér að framan segir þannig: *Mat og sannprófun á stöðugleika eiginleikaskila*.


Frekari umfjöllun er að finna í meðfylgjandi skjali „Um „nothæfi“ í frumvarpi til laga um byggingarvörur“, sem er afrit að vefskeyti til tveggja starfsmanna umhverfisráðuneytisins, dags. 30. nóv. 2012.

Við leggjum þannig til að orðið *eiginleikaskil* verð sett inn í stað orðsins ‚nothæfi‘, með viðeigandi málfræðilagfæringum, í frumvarpinu og ESB-reglugerðinni. Slíkt ætti ekki að kosta mikla vinnu með ritvinnslutækni.

Þýðing á „**individually manufactured or custom-made**“ er bæði misvísandi og óviðeigandi. Bæði í ESB-reglugerðinni og frumvarpinu er þetta þýtt sem *framleidd „í stykkjatali eða sérsníðuð“*. Þessi þýðing verður að teljast afar ónákvæm, svo ekki sé meira sagt, en hún á þó ekki illa við um glugga, rúðugler eða jafnvel forsteyptar einingar. Hins vegar getur þýðing þessi alls ekki átt við um til að mynda steinsteypu, fylliefni í steinsteypu, þ.e. mól og sand, múrblöndur, svo að ekki sé nefnt sement.

Leggjum við til að þýðingunni verði breytt þannig að vara sé *sérframleidd í einstökum tilvikum eða sérsniðin að tilteknunum þörfum*. Slík þýðing ætti að ná vel merkingunni.

**Keldnaholti, 8. nóvember 2013,**

  
Rögnvaldur S. Gíslason,  
vottunarstjóri.

  
Jón Sigurjónsson,  
yfirverkfræðingur.



## Um "nothæfi" í frumvarpi til laga um byggingarvörur

Rögnvaldur S Gíslason to: steinunn.fjola.sigurdardottir,  
Hafsteinn.Palsson

30.11.2012 16:01

Cc: Ingibjörg, benedikt, Jón Sigurjónsson

From: Rögnvaldur S Gíslason/NMI  
To: steinunn.fjola.sigurdardottir@uar.is, Hafsteinn.Palsson@uar.is  
Cc: Ingibjorg@mvs.is, benedikt@mvs.is, Jón Sigurjónsson/NMI@NMI

Sæl verið þið aftur, Steinunn Fjola og Hafsteinn:

Hér á eftir fara athugasemdir okkar Jóns Sigurjónssonar um orðið "nothæfi", eins og við boðuðum í vefskeytinu hér að neðan að von væri á.

Í drögum að þýðingu á evrópsku byggingarvörureglugerðinni, CPR, er orðið "nothæfi" notað fyrir hugtakið sem þar felst í enska orðinu "performance". Álit okkar Jóns er að orðið "nothæfi" sé einfaldlega ekki nothæft í merkingu hugtaksins í reglugerðinni. Teljum við einsýnt að það muni valda misskilningi við túlkun á þeirri hugmynd og tilgangi sem að baki liggur.

Gagnstætt því sem var í tilskipuninni, CPD, er hugtakið að baki "performance" orðið að lyklatríði í reglugerðinni. Þar eð orð þetta hefur margs konar merkingu í ensku hefur það verið þýtt á íslensku með ýmsum orðum eftir samhenginu, eins og kunnugt er.

Að okkar mati stendur hugtakið í reglugerðinni í aðalatriðum fyrir það að hverju marki eða í hversu miklu eða ríku mæli byggingarvara hefur hina ýmsu mælanlegu eða á annan hátt metanlegu eiginleika til að standast álag eða duga sem best við tiltekin not. Vara getur verið nothæf burt séð frá hvaða gildi eiginleikar hennar fá við mælingu eða mat, þ.e. þannig að unnt sé að hafa um hana orðið nothæfi.

Okkar tilfinning fyrir orðinu "nothæfi" er sú að annað hvort sé af eða á, annað hvort að varan sé hæf til þeirra nota sem hún er ætluð eða ekki. Þannig gangi ekki að tala um að nothæfi vöru sé meira eða minna, betra eða verra, á meðan orðið "performance" býður upp á "better performance" eða "worse performance", en það er að okkar viti kjarninn í notkun þessa hugtaks enskunnar í reglugerðinni.

Vandamálið er, að því er við fáum best séð, að ekki finnst eða er auðfundið í íslensku neitt orð sem nær umræddu hugtaki. Segja má að orð eins og "frammistaða", "geta" og það "að megna" komst nærri merkingunni, en öll eiga þessi orð fyrst og fremst við um mannfólk og dýr, finnst okkur, og koma vart til greina um dauða hluti eins og byggingarvörur.

Við höfum reyndar fundið orðið "skil" eitt sér sem þýðingu á "performance" í Orðabanka Íslenskrar málstöðvar í tengslum við raftækni. Þykir okkur sem þetta orð mætti helst nýta. Í huga kemur orðið "skilvirkni" sem að okkar álit væri miklu betra en "nothæfi", en fyrrnefnda orðið væri þá að fá nýja merkingu sem þýðing á "performance" alveg eins og á við um "nothæfi". Þá fer vel á að tala um betri eða meiri, verri eða minni skilvirkni. Hins vegar kæmi til álita að snúa við orðinu "skilvirkni" og búa til nýtt samsett orð, "virkniskil" og ennfremur mætti í samhengi reglugerðarinnar hugsa sér að nota orðið "eiginleikaskil".

Kæmi ekki til greina að búa til nýtt orð samsett úr þekktum orðum, rétt eins og okkur sýnist til að mynda orðið "vörutengiliður" í 1. mgr. 3. gr. draga að frumvarpi til laga um byggingarvörur vera, teljum við orðið "skilvirkni" vera miklum mun betri kost en "nothæfi".

Yfirskriftir lykildagna til CE-merkingar litu alls ekki illa út sem EC-vottorð og EC-yfirlýsing um skilvirkni eða virkniskil, eða EC-skilvirknivottorð eða EC-virkniskilavottorð, o.s.frv.

Við Jón værum reiðubúnir að fjalla frekar um þetta mál ef til kæmi.

Með bestu kveðju fyrir hönd okkar Jóns,  
Rögnvaldur.

*Rögnvaldur S. Gíslason, efnaverkfræðingur,*

## Frumvarp til laga

### um byggingarvörur.

(Lagt fyrir Alþingi á 143. löggjafarþingi 2013–2014.)

#### III. KAFLI

#### Byggingarvara sem fellur ekki undir samhæfða tækniforskrift.

##### 9. gr.

##### Gildissvið.

Ákvæði þessa kafla gilda um byggingarvörur sem falla ekki undir samhæfðan evrópskan staðal eða evrópskt tæknimat hefur ekki verið gefið út fyrir. Sé engu að síður til evrópskur staðall fyrir slíka vöru. Þ.e. staðall sem ekki hefur verið gerður samhæfður. Skal fara að ákvæðum hans.

Krafa um gerð virlýsingar um nothæfi sbr. 10. gr. gildir. Ákvæði þessa kafla gilda þó ekki um eftirfarandi:

- Byggingarvöru sem framleidd er í stykkjatali eða sérsmíðuð eftir sérstakri pöntun á grundvelli hönnunargagna sem samþykkt hafa verið af útgefanda byggingarleyfis í samræmi við ákvæði laga um mannvirki og varan er sett upp í einu tilteknu mannvirki af iðnmeistara sem ber ábyrgð á þeim verkþætti samkvæmt ákvæðum þeirra laga. Sé um að ræða verk sem háð er eftirliti og áfangaúttektum útgefanda byggingarleyfis skal hann upplýstur um vinnu við viðkomandi einingar eða byggingarhluta áður en hún hefst og skal hann kallaður til áfangaúttekta samkvæmt nánari ákvæðum byggingarreglugerðar um áfangaúttektir.
- Byggingarvöru sem framleidd er á byggingarsvæði til ísetningar í tiltekið mannvirki í samræmi við ákvæði laga um mannvirki og á ábyrgð þeirra sem bera ábyrgð á öruggri framkvæmd verksins samkvæmt ákvæðum þeirra laga.
- Byggingarvöru sem framleidd er með hefðbundnum hætti, eða á þann hátt sem er viðeigandi fyrir varðveislu menningararfleifðar og er ekki iðnaðarframleiðsla. Í því skyni að endurnýja með fullnægjandi hætti mannvirki sem njóta opinberrar verndar sem hluti af tilgreindu umhverfi eða vegna sérstaks byggingarlistarlegs eða sögulegs gildis.

##### 10. gr.

##### Markaðssetning og nothæfi byggingarvöru.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans, innflytjandi og dreifandi skulu tryggja að gerð sé fullnægjandi grein fyrir nothæfi byggingarvöru í samræmi við ákvæði kafla þessa með útgáfu virlýsingar um nothæfi áður en varan er markaðssett eða notuð í mannvirki.

Sé ekki til evrópskur staðall fyrir vöruna. sbr. 1. mgr. 9. gr., skal virlýsingin virlýsing um nothæfi skal lýsa nothæfi byggingarvörunnar hvað varðar eftirfarandi eiginleika eða þætti:

- Viðbrögð við bruna.
- Brunamótstöðu.
- Burðarþol og styrk efnis.
- Einangrunargildi.
- Hljóðeinangrun og aðra þætti er varða hljóðvist.
- Lofþéttleika.
- Slagregnsþéttleika.
- Hitaþol.
- Frostþol.
- Efnaþol.
- Gufuþéttleika.

**Comment [RG1]:** Sjá skýringu nr. 1

**Comment [RG2]:** Sjá skýringu nr. 6, þar sem lagt er til að orðið 'eiginleikaskil' sé notað í stað orðsins 'nothæfi' sem þýðing á hugtaki enska orðsins 'performance', o.fl.

**Comment [RG3]:** Sjá skýringu nr. 2

**Comment [RG4]:** Sjá skýringu nr. 6

**Comment [RG5]:** Sjá skýringu nr. 1

**Formatted:** Indent: First line: 0,25 cm

12. Að varan spilli ekki gæðum neysluvatns (t.d. útfelling þungmálma).
13. Uppgufun/losun mengandi efna.
14. Innihald efna sem falla undir 57. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), sbr. reglugerð nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH).

Yfirlýsing um nothæfi ~~sem felur í sér þá eiginleika eða þætti sem fram koma í 2. mgr.~~ skal afhent á pappírformi við afhendingu byggingarvöru eða vera aðgengileg á heimasíðu framleiðanda, innflytjanda og/eða dreifanda. Yfirlýsingin skal vera á íslensku, ensku eða Norðurlandamáli öðru en finnsku. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að ákveða að yfirlýsing um nothæfi fyrir tiltekna vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunarviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna, sbr. 3. mgr. 4. gr. Óheimilt er að láta koma fram í yfirlýsingunni upplýsingar sem eru rangar eða hægt er að mistúlka varðandi eiginleika eða nothæfi vöru.

Skylt er að lýsa ~~yfir í það minnsta einum eiginleika yfir þeim eiginleikum eða þáttum 2. mgr.~~ sem varðar fyrirhugaða notkun byggingarvörunnar í mannvirkjum, hvort sem til er evrópskur staðall fyrir vöruna, sem þá skal fara eftir, eða ekki. Skylt er þó að lýsa yfir eiginleika sem bundinn er þröskuldgildi eða krafa er gerð um í byggingarreglugerð. Tilgreina skal í yfirlýsingu um nothæfi aðra eiginleika eða þætti sem gætu varðað notkun vörunnar og ekki er lýst yfir nothæfi fyrir.

Mannvirkjastofnun er heimilt að krefjast gagna um aðra eiginleika eða þætti en tilgreindir eru í 2. mgr. þegar slíkt er nauðsynlegt til að tryggja örugga notkun vörunnar í mannvirkjum.

Við greiningu, staðfestingu og yfirlýsingu eiginleika og þátta byggingarvöru samkvæmt þessari grein skal styðjast við viðurkennda hönnunar- og prófunarstaðla, svo og aðra viðeigandi staðla sem ætlaðir eru til slíkrar greiningar og skráningar.

Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um að í yfirlýsingu um nothæfi skuli lýsa fleiri eiginleikum eða þáttum byggingarvöru en kveðið er á um í 2. mgr.

#### 11. gr.

##### *Framleiðslustýring og gerðarprófun.*

Byggingarvara sem fellur undir þennan kafla skal vera gerðarprófuð í samræmi við yfirlýsingu um nothæfi, sbr. 10. gr., og vera framleidd undir skjalfestri og stöðugri innri framleiðslustýringu sem tryggir stöðugleika framleiðslunnar þannig að hún hafi tilgreinda eiginleika og uppfylli tilskilið nothæfi.

Óháðum aðila skv. 12. gr. er heimilt að krefjast frekari gerðarprófunar byggingarvöru, eftir atvikum hjá óháðum viðurkenndum prófunaraðila, eftir eðli ~~vörunnar~~ með hliðsjón af notkunarviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafna.

#### 12. gr.

##### *Krafa um staðfestingu óháðs aðila.*

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Mannvirkjastofnunar eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru með tilliti til brunapóls og brunaeiginleika byggingarvöru skv. ákvæðum evrópsks staðals fyrir vöruna, sé hann til, en annars skv., sbr. 1. og 2. tölul. 2. mgr. 10. gr.

Framleiðandi eða viðurkenndur fulltrúi hans skal afla staðfestingar Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands eða annars aðila sem ráðherra viðurkennir á nothæfi byggingarvöru skv. ákvæðum evrópsks staðals fyrir vöruna, sé hann til, en annars með tilliti til þeirra eiginleika og þátta sem falla undir 2. mgr. 10. gr., að undanskildum þeim atriðum sem falla undir 1. mgr. 1. og 2. tölul. og 5. mgr. 10. gr.

Við staðfestingu, þ.m.t. ákvörðun um frekari gerðarprófun skv. 2. mgr. 11. gr., skal höfð hliðsjón af kröfum sem settar eru fram í ákvörðunum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins um hlutverk framleiðanda og tilkynnts aðila við staðfestingu á samræmi við kröfur, en ef ekki liggja fyrir samþykktir frá framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um einstaka vöruflokka skal höfð hliðsjón af ákvörðunum um hliðstæðar vörur.

#### 13. gr.

##### *Yfirlýsing um nothæfi o.fl.*

Comment [RG6]: Sjá skýringu nr. 3

Comment [RG7]: Sjá skýringu nr. 4

Byggingarvörum sem falla undir þennan kafla skal fylgja skjal með eftirfarandi upplýsingum:

1. Nafni og heimili framleiðanda og ábyrgðaraðila sé hann annar en framleiðandi.
2. Lýsingu og auðkenni vöru, svo sem gerð, númeri, notkunarviði og þess háttar.
3. Yfirlýstum eiginleikum og þáttum vörunnar, sbr. 10. gr., með tilvísun til þeirra staðla, prófana og annars þess sem stuðst er við til að kanna eiginleika vörunnar.
4. Tilvísun til gæðakerfis framleiðanda.
5. Skilmálum er varða notkun vörunnar.
6. Nafni og heimili þess aðila sem staðfestir nothæfi vörunnar, sbr. 12. gr.
7. Nafni og stöðu þess sem undirritar yfirlýsinguna fyrir hönd ábyrgðaraðila.

Þegar byggingarvara er boðin fram á markaði skulu framleiðendur, innflytjendur og dreifendur sjá til þess að vörunni fylgi leiðbeiningar um notkun og upplýsingar um öryggi á íslensku eða ensku. Ráðherra er þó heimilt með reglugerð að ákveða að leiðbeiningar um notkun eða upplýsingar um öryggi byggingarvöru fyrir tiltekna vörur eða vöruflokka skuli vera á íslensku, með hliðsjón af notkunarviði vörunnar og mikilvægi hennar með tilliti til grunnkrafa, sbr. 3. mgr. 4. gr.

14. gr.

*Gagnkvæm viðurkenning.*

Gögn frá viðurkenndum aðilum á Evrópska efnahagssvæðinu um prófun byggingarvöru og eftirlit skulu tekin gild hér á landi til jafns við gögn frá Mannvirkjastofnun, Nýsköpunarmiðstöð eða öðrum aðilum sem ráðherra viðurkennir skv. 12. gr., enda feli þau í sér staðfestingu á að varan henti til fyrirhugaðra nota. Staðfestingar á að slík gögn staðfesti Komi ekki fram í gögnunum staðfesting á nothæfi vörunnar við íslenskar aðstæður skal afla staðfestingar á því samkvæmt ákvæðum 12. gr. Ávallt ber að láta fylgja vörunni samsvarandi skjöl og staðfestingar og tilgreind eru í þessum kafla.

--

--

**Comment [RG8]:** Sjá skýringu nr.5